

GRUNNMYND EFRI HÆÐAR

Byggingarlýsing.

Almenn lýsing.

Á lóðinni Einhellu 9 , er fyrirhugað að reisa stakstætt hús á lóðinni fyrir atvinnustarfsemi sem skipt er upp í fleiri eignarhluta. Byggingin er límtréshús í notkunarflokki 1 og ætluð sem lager og geymsluhúsnæði.
Húsið er einnar hæðar með milliloftí að hluta. Húsið er byggt upp af límtrésrömmum og er það klætt samlokueiningum á veggjum og þaki. Húsið er ætlað fyrir smá fyrirtæki og geymsluplass.
Ekki eru gerðar kröfum um annað en að húsið sé frostfrítt í sal og á lager en skrifstofuhluti skal hafa hitastig 18-22°C.

Efni og litaval skal skal ákveðast í samráði við arkitekt.

Verði starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 m.s.b. og/eða lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b. í húsnæðinu ber rekstraraðila að afla starfsleyfis Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar-og Kópavogssvæðis. Mengunarvarnarbúnaði á fráveitu verður komið fyrir í samræmi við ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Staðgreinir. 1400-1-19550090

Landnúmer 203428

Birt flatarmál	1.884,8 m2
Brútto rúmmál	11.069,1 m3
Lóðarstærð	5.152,6 m2
Nýtingarhlutfall	0,355

Burðarvirki.
Sökklarog botnplata eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu. Burðarvirkið er byggt upp með Límtrésrömmum og T-1 burðarviðum og þakpaneleiningum (yleiningar)

Einangrun.
Sökklar eru einangraðir með 75 mm plasteinangrun.

Botnplata er einangruð undir skrifstofurými með 100 mm. plasteinangrun. Útveggir eru einangraðir að utan með 100 mm. steinullareinangrun. Þakvirkið er er einangrað með 150 mm steinullareinangrun.

Klæðningar.
Útveggir og þak eru klædd með með trapizulaga Samlokueiningum. Þak er klætt þakpaneleiningum (yleiningar). Gluggar eru úr áli með tvöföldu K-geri.

Lóð.
Á lóð er gert ráð fyrir 42 bílastæðum, þar af tveimur fyrir fatlaða. Þá er gert ráð fyrir svæðum fyrir sorpgeymslur, allt að 300 m2.

Ýmiss atriði.
Léttir innveggir eru úr blikkstoðum með tvöfoldulagi af gifsplötum . Húsið er hitað upp með ofnum og hitablásarum. Í votrýmum eru gólfniðurföll. Í aflokuðum gluggalausum rýmum skal vera loftræsting. Fráveitukerfi byggingarinnar verður búið olíugildru til að fyrirbyggja ollumengun í fráveitukerfi bæjarins. Húsið er ekki hannað á grundvelli algildrar hönnunar. Handrið og handlistar skulu standast ákvæði B.R 6.5. Bréfúgur fyrir póst skulu standast ákvæði byggingarreglugerðar. Hitastig vatns á töppunarstöðum skal ekki vera hærra en 65°C og skal varmabreytir vera við inntak í húsið.

Kólnunartölur.

Kröfur um hámarks U-gildi sbr. Gr. 13.3.2

Þak:	0.3 W/m2 K
Útveggur:	0.4 W/m2 K
Gluggar:	0.3 W/m2 K
Gólf á fyllingu:	0.4 W/m2 K

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf í apríl 2018 fyrir Einhellu 9 Hafnafirði, verk nr. 17-254. Lausnir eru skv. forskriftarkvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013 með síðgreindum tæknilskiptum.
Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar

Byggingin verður í notkunarflokki 1 s20kv. byggingarreglugerð. Um er að ræða skrifstofur, lagar- og geymsluhúsnæði á einni hæð, ásamt milliloftum.
Heildarflatarmál jarðhæðar er 1508 m2.
Heildarflatarmál milliloftа er 412,8 m2.
Heildar gólfflatarmál byggingarinnar er 1920,8 m2.
Milliloft eru 77,8 m2 miðbil og endabil 70,6 m2.

Notkunarskilmálar

Gert er ráð fyrir mesta brunaálag í bilum 800 MJ/m2 en flestur hefðbundinn iðnaður rúmast innan þess.
Mesti mannfjöldi á milliloftum er 5 manns.

Brunahólfun

Byggingunni er skipt í tvö meginbrunahólf.
Meginbrunahólfin eru 600,5 m2 og 920 m2.
Salir eru sér brunahólf, um 200 - 220 m2.
Starfsmannarými, milliloft og önnur tengd rými eru sér brunahólf.

Burðarvirki

Burðarvirki hússins er límtré.
Brunahólfandi veggir milli meginbrunahólfa er a.m.k. REI90.
Brunamótsstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60.
Hæðaskil eru a.m.k. REI60.

Klæðningar

Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Utanhúsklæðningar eru samlokueiningar einangraðar með steinull og eru í flokki 1.
Þakklæðningar eru þakeiningar einangraðar með steinull og eru í flokki B(roof) (t2) .

Flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 30 m í næsta útgang eða næsta brunahólf.
Frá sölum eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur er beint út um gönguhurðir á suðurhlið sals, hin er út í gegnum starfsmannarými.
Frá starfsmannarýmum eru tvær óháðar flóttaleiðir, Önnur flóttaleiðin er beint út um gönguhurð í móttöku, hin er út í gegnum sal.
Frá lager eru tvær óháðar flóttaleiðir, Önnur er niður stiga, hin er út um björgunarop og þaðan niður fellistiga.

Brunaviðvörunarkerfi

Reiknað er með stökum reykskynjurum í hverjum eignarhluta. Reiknað er með a.m.k. einum reykskynjara á hverja 80 m2 og að lámarki einum reykskynjara í hvert rými.

Loftræsikerfi

Ekki reiknað með að loftræsikerfi gangi á milli brunahólfa.

Reyklosun

Reykræsing er almennt um vöruhurðar, glugga og hurðar.

Brunaslöngur og slökkvitæki

Brunaslöngur eru í byggingunni skv. ÍST EN 671 sbr. teikningar. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 sbr. teikningar, miðað er við t.d. 9 L léttvatn og 5 kg kolsýru við rafmagnstöflur. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 5 lux í stigarými, 1 lux á flóttaleiðum og 0,5 lux í sal og á milliloftí.
Útiljós skulu vera sett upp við alla útganga hússins.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn

Aðkoma er góð að byggingunni frá Einhellu og miðað er við viðbragðstími slökkviliðs sé um 10-15 mínútur. Reiknuð slökkvivatnsþörf skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar er um 2000 límin.

Samþykkt þann 09. maí 2018
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

15.05.2018
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins

Yfirfarið af brunahönnuði
Gunnar H. Kristjánsson
brunaverkfræðingur
14-5-2018

Útg.	Dags.	Lýsing	Nafn

ARKAMON
Kvíslartungu 40, 270 Mosfellsbær
arkamon@simnet.is
0354 892-0400

VALGEIR BERG STEINDÓRSSON kt. 250464-2319

EINHELLA 9
Grunnmynd efri hæðar, byggingarlýsing og brunahönnun

Mkv. 1:100		A0
HANNAÐ VALGEIR B.	APR. 2018	**A-02**
TEIKNAÐ VALGEIR B.	SAMÞ.	